



Kynjaskepnur og skrímsli í þjóðsögunum

Kynjaskepnur og skrímsli þjóðsagnanna lifðu í hugum fólks í margar aldir og fólk trúði að þær væru til í alvörunni. Kynjaskepnurnar í ÓGN eru flestar fengnar að láni úr þjóðsagnasafni Sigfúsar Sigfússonar, Íslenskar þjóðsögur og sagnir, IV. bindi. Einnig er stuðst við bókina, Íslenskar kynjaskepnur, eftir Sigurð Ægisson sem Jón Baldur Hlíðberg myndskreytti. Gaman er að hafa bókina, Íslenskar kynjaskepnur, við höndina þegar unnið er með kynjaskepnurnar í bókinni.

Texti úr ÓGN

bls. 146

Ég lít aftur á kortið. Víða sjást teikningar af einhvers konar skepnum. Ég færi mig nær kortinu og beygi mig niður til að sjá teikningarnar betur. Sum líkjast dýrum sem ég þekki, eins og köttum og hundum, en önnur eru ekki lík neinu sem ég hef áður séð. Ragnar kemur til mín, bendir á myndirnar eina af annarri og útskýrir fyrir mér hvaða skepnur þetta eru. Einu sinni kennari, ávallt kennari.

„Þetta eru svokallaðar kynjaskepnur eða skrímsli sem margir þekkja úr þjóðsögunum.“ Hann heldur áfram eins og hann sé að flytja fyrirlestur og það mætti halda að hann hefði æft þetta fyrirfram. „Skrímsli er heiti á vætti eða óþekktu dýri sem er afskaplega ljótt og grimmt. Skrímsli geta verið í öllum hugsanlegum og óhugsanlegum myndum en eru oftast grimm og ill. Flest eru þau á stærð við hesta eða naut en sum aftur á móti á stærð við hunda eða kindur. Jafnvel úr fjarska hafa sum þessara skrímsla deyfandi eða lamandi áhrif á menn. Af öðrum leggur ógeðslega fýlu.“

Nykur

Talið er að nykurinn sé þekktasta tegund kynjaskepna á Íslandi enda er hann víða að finna, nánast í hverri botnlausri tjörn eða stærra vatni með grængolandi dýpi sem og í ám. Nykurinn er oftast grár að lit, en þó stundum brúnn og snúa allir hófarnir aftur. Aðrir litir hans eru, auk hinna ýmsu afbrigða af gráu, sagðir bleikur, hvítur, ljósgulur, móálóttur og svartur. Margir segja hann geta breytt sér snögglega í aðrar skepnur. Ekki þolir nykur að heyra nafn sitt eða

nokkurt orð er því líkist. Þá tekur hann viðbragð og hleypur í vatnið. Öskur hans eru talin boða veðurbrigði (Íslenskar kynjaskepnur bls. 22- 25).

Oftast er nykur grár hestur en stundum naut og er þá eigi gott að greina hann frá vatna- eða sænautum svo eitthvað er ærið skylt með þeim. Sænaut verða hyllt og tamin ef sprengd er blaðra á nösum þeirra. En aldrei hefur nykurinn orðið það nema um stundarsakir og af kunnáttumönnum. Hann var, er og verður alla daga slægur og viðsjáll, ginnir menn á bak sér og hleypur með þá í vatn sitt. Hann heitir ýmsum fleiri nöfnum, nennir, nóni, vatnaskratti og skolli.

Þjóðsaga um nykur. Sigfús Sigfússon, IV. bindi bls. 91

Nykur með eitt auga

Einu sinni var karl sem þótti eigi allur þar sem hann var séður. Það var eitthvert sinn að karl fór að sækja brúnan reiðhest sem hann átti. Hann hittir þá brúnan hest á leið sinni eigi fjarri vatni nokkru. Sýnist honum það Brúnn sinn og hnýtir snæri upp í hann. En þá gáir hann að því að þessi klár hefir meira fax en hans hestur og þó hefir hann rétta hófa. Karl grunaði þá margt og leit framan í hann. Sér hann þá að hann hefir aðeins eitt auga í miðju höfði. Þá segir karl: „Á, ert það þú, djöfullinn þinn?“ Við þessi orð brá Brúnn við og þaut í vatnið sitt því það var nykur.

Fjörulalli er dýr sem finnst víða með ströndum landsins. Fjörulalli er eitt af algengustu sjóskrímslunum en ekki oft getið og mögulega er það þar sem mönnum stóð allajafna ekki ógn af honum. Fjörulalli líkist helst feitum hundi. Dýrið er loðið og kubbslegt með svo stóran kvið að það virðist draga bumbuna á eftir sér. Stórar vígtennur standa niður fyrir neðri vör.

Þjóðsaga um fjörulalla. Sigfús Sigfússon, IV. bindi bls. 107

Fjörulalli

Haustið 1911, í september, sá Einar sonur Sigurðar Jónssonar útvegsbónda á Vestdalseyri dýr eitt hlaupa þar aftur og fram í fjörunni nærri húsdryum þeirra eða svo sem teigshæð frá. „Þetta er undarlegur hundur,” hugsar Einar, „svona gildvaxinn fyrir að sjá, loðinn og hlutfallslega digur framan við afturhlutann, svona lágir og digrir fætur og síður kviður. Nei, þvílíkan hund hef ég aldrei fyrr séð. Hann er víst ofan úr Héraði.” Svona kvaðst hann hafa hugsað og gengið heim. Árni bróðir Einars, nokkru yngri, var að leita kúa um þetta leyti innar nokkuð, á Steðja- eða Háubökkum. Mætir honum þá dýr á veginum. Það var ærið ferðmikið

og grimmilegt svo sem það vildi ráðast á hann. Hálförkkvað var og sýndist honum það miklu þreknara, lágfættara og kviðsíðara en hundur. Eflur hundur var með Árna og atti hann honum á dýrið. Hrökk það þá ofan í bakkann og hvuti á eftir og Árni síðastur. Þar hvarf það í sjóinn.

Skeljaskrímsli er á stærð við kálf og getur verið mjög illskeytt og grimmt. Það er alsett hreistri og virðist einna helst líkjast beltisdýri með beittar tennur og einhvers konar gaddahala sem það dregur á eftir sér. Á bakinu er kryppa og hausinn mjókkar ofan í nokkurs konar trjónu eða nef. Stórar tennur skaga út um munnvikið fyrir neðan trjónuna.

Þjóðsaga um skeljaskrímsli. Sigfús Sigfússon, IV. bindi bls. 127

Skrímsli eltir Einar gullsmið

Það er sögn einstakra manna að Einar gullsmiður í Krossavík í Vopnafirði, faðir Methúsalems á Burstafelli, hafi eitt sinn verið ríðandi á ferð um kvöld frá Vindfelli heim til sín í Krossavík. Varð hann þess þá var að sæskrímsli veitti honum eftirför og hringlaði í því. Það nálgadist hann óðfluga. Reið hann gæðingi miklum og herti á honum. Sýndist honum þó hvorki draga sundur né saman. Reið hann að hesthúsi og hleypti fák sínum inn og hljóp heim. Kom skrímslið þá heim túnið svo hann áræddi eigi að fara að bæjardyrum heldur hljóp upp á bæinn og inn um eldhússtropinn. Um morguninn sást skrímslið eigi.

Fýluskrímsli líkist skeljaskrímsli en er ekki með hreistur á skrokknum. Það fylgir því fýla sem er einhvers konar þrálykt eins og af úldnu kjöti og moldarlykt til samans. Lyktin er svo sterk að það getur liðið yfir fólk.

Þjóðsaga um fýluskrímsli. Sigfús Sigfússon, IV. bindi bls. 140

Fýluskrímslið

Þegar Rauðalækjar-Sigurður Jónsson, ættaður úr Rangárþingi, var í Hrísey sagði hann að alltítt hefði það verið að skrímsli hefðu leitað á land á undan hafólgu og ofviðrum og legið undir hæðum og húsum. Hefðu menn oft orðið þeirra varir af lyktinni, óþolandi fýlu eða þrálykt þótt menn hefðu eigi séð þau; hefðu oft orðið að slökkva ljós fyrir návist þeirra því þau ganga á alla birtu. Mest kvað hann skrímsla mundi vart verða á útkjálkum Skagafjarðar, Eyjafjarðar og þar á milli og svo vestur um fjörðuna og öllu meira en við Suðurland. Eina sögu segir Sigurður þessu til sönnunar:

Það var eitt sinn um kvöld í myrkri en góðu veðri að Sigurður og félagar hans höfðu verið að beita lóð því þeir ætluðu að róa snemma. Þeir sendu piltung eftir einhverju ofan í sjóarskemmu er vantaði. Þegar pilturinn kom nærri niður að skemunni sló móti honum óþefjan svo megnri að honum fannst sér liggja við köfnun. Hann snýr því aftur og segir sem var. Þeir fara þá nokkrir og finna snarlega fýluna og sjá glóra í flykki mikið sem hólðys væri. Vissu þeir að það væri sjóskrímsli. Sneru svo aftur.

Daginn á eftir var þetta horfið. En bæli mikið var eftir og slóð að sjónum sem eftir viðardrögu.

Skoffín er afkvæmi kattar og tófu. Þar er högninn faðir en lágfóta móðir. Annars segja enn sumir að skoffín lifni úr hanaegg. Þegar skoffín er nýfætt eða ungað út smýgur það í jörðu og er þar í þrjú ár. Þegar það kemur upp aftur hefir það svo hart og banvænt augnaráð að allt liggur dautt sem það leiðir augum að fyrra bragði. Skoffín er mælt að jafni stærð refs og kattar.

Þjóðsaga um skoffín. Sigfús Sigfússon, IV. bindi bls. 234

Af skoffíni eru þessar sagnir:

Einu sinni vildi það til að menn náðu nýgotnum tófuholpum. En er færi gafst fór einn þar niður er hann var settur. Menn vissu hvílikt skaðræði hann mundi verða þegar hann kæmi upp aftur. Menn byggðu því hús þar yfir sem holpurinn fór niður. Af því að það er þeirra óvætta bani ef þeir sjá fyrst sína eigin mynd þá létu þeir veggina vera úr eintómu speglagleri. Þegar þrjú ár voru liðin voru menn á njósn og sáu skoffínið þegar það kom upp en það ekki þá. Þegar það sá mynd sína tók það kipp mikinn og féll niður dautt.

Skuggabaldur segja sumir menn að sé afkvæmi kisu og refs, sumir aftur að hann komi úr egggi gamals hana en flestir minnir mig að hafi talið hann afsprengi hunds og kisu. Skuggabaldur hefir sömu eiginleika og skoffín sem meinvættur. Smýgur í jörðu ef hann er eigi drepinn áður og kemur upp að þremur árum liðnum og deyr þá allt sem fyrir hans augnaráði verður að fyrra bragði en sína eigin mynd þolir hann eigi að sjá. Hann svarar til millivaxtar hunds og tófu en hefur stærri augu en eru í venjulegum köttum (Sigfús Sigfússon, IV. bindi bls. 235 - 237).

Moðyrmi eða **Moðormar** eru tíkarhvolpar er tíkur eignast þegar þær ná til þess að éta ósoðið hana- eða hænuegg. Þeir smjúga á þriðju nóttu í jörðu og eru alveg sama eðlis að öllu leyti, þegar þeir koma upp að þremur árum liðnum, eins og hin illvættin. Þeir hafa alhvítan eða alsvartan kropp en rauðan haus og rauða fætur. Þeir fæðast alsjáandi.

Þjóðsaga um mororm (moðyrmi). Sigfús Sigfússon, IV. bindi bls. 237

María kona Halla bónda Snjólfssonar á Sturluflöt var ung vinnukona að Víðivöllum ytri í Fljótsdal. Hún hafði sagt frá því að þar fæddist alsjáandi tíkarhvolpur svartur með rauða fætur. Hann glápti strax á allt sem fyrir var. Menn þorðu eigi að eiga hann yfir höfði sér og létu hann í vatn, treystu menn því að að hann hefði drepist og eigi komist í jörð niður. Aftur er sagt að annars staðar fæddist einlitur hvolpur með rauðan haus og smaug í jörðu niður. Þar var þá byggður glersalur og dugði það.

Urðarköttur er og í engu frábrugðinn öðrum köttum nema því að hann er miklu grimhari og verður eigi taminn, grefur hann sig þegar í jörðu, er þar óákveðinn tíma og eirir engu þegar hann vex. Jafnan grefur hann sig í kirkjugarða og leggst á ná, því er hann og kallaður náköttur. Nákettir eru svo stórir sem vetrungar þegar þeir koma upp. Oft eru svonefndir urðarkettir þrjú ár í kirkjugarði áður en þeir koma upp en þá eru þeir næst því óvinnandi. Augnaráð hans er þá og svo illt að það er banvænt og standast það fáar skepnur og hriðdeyja þær skepnur sem þeir sjá fyrri þegar þeir koma fyrst upp. En það er með urðarkött sem hin illyrmin að hann þolir eigi að sjá sína eigin mynd fyrst af öllu er hann kemur upp og drepst ef hann sér hana. Nafnið á urðarköttum er dregið af því að þegar þessi illkvikindi liggja eigi í kirkjugarði liggja þau í urðum. Urðarkettir hafa stundum þótt verða mannskæðir og vinna eigi á þeim nema silfurhnappar eða -kúla (Sigfús Sigfússon, IV. bindi bls. 238).

Sænaut og sækýr verða best þekkt af sægráa litnum og blöðrunni sem er á milli hornanna eða á nösum þeira. Verða þau strax gæf ef hún er sprengd og missa þau þá sævareðli sitt. Kýr af sænautakyni þekkjast best af því, á bás sínum, að þær snúa ávallt hausnum í áttina til sævar. En kýr af huldunautakyni snúa hausnum til lands (Sigfús Sigfússon, IV. bindi bls. 81 - 82).

Þjóðsaga um sækýr á fjarðaröldu

Það skeði þegar Jón Ögmundsson bjó í Firði í Seyðisfirði, faðir Sigurðar hreppstjóra þar og Sveins á Kirkjubóli, að einn kyrran vetrardag sást koma upp úr sjónum, þar norðanvert við sem nú er svonefnd Neðribúð, dýr alveg eins í hátt og kýr rauðskjöldótt. Hún rann inn yfir Ölduna og hvarf vestur undir Skaga. Eftir stundarkorn rann hún með hægð aftur til sævar og hvarf í hann. Á þetta horfði flest heimafólkið í Firði. Sigurður var þá barn að aldri (Sigfús Sigfússon, IV. bindi bls. 85).